

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 05 – 2023

Staður: Keldnaholt og Teams

Tími: Þriðjudagur 23. maí 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson (Teams), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson (Teams), Haukur Þórðarson (Teams), Þóranna Jónsdóttir. Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður.

1. Stefnumótun: Drög að stefnu voru stuttlega rædd á háskólafundi og eru til umfjöllunar hjá starfsmönnum og hagaðilum. Tillaga hefur komið fram um að fækka köflum úr 6 í 4 og er það talið vel mögulegt. Drögin munu liggja fyrir áfram og verða væntanlega afgreidd í haust. Umræða hefur verið um að mögulega ætti að breyta skipuriti í kjölfarið. Ræddir voru kostir og gallar núverandi kerfis brautarstjóra og deildarforseta og mögulegar breytingar þar á. Rétt var talið að bíða með hugsanlegar breytingar á skipulagi þar til stefnan hefur verið afgreidd. Framhaldsháskólafundur verður 9. júní og þar verður þetta allt til umræðu.

2. Samvinna við hagaðila: Fundur með stjórn Bændasamtakanna verður 14. júní. Mörg sameiginleg mál þarf að ræða. Uppbyggingu rannsókna og búnaðar á Hvanneyri og Hesti þarf að ræða bæði í þeim ranni og annars staðar. Ragnheiður hefur verið í samtali við aðila frá afurðastöðvum í landbúnaði sem eru áhugasamir um samstarf við Lbhí. Rætt var um hvernig við getum þróað þetta samstarf. Mikil vannýtt tækifæri eru í garðyrkju og kornrækt sem þarf að ræða. Ragnheiður er á leið á fund hjá ORF Líftækni sem hefur áhuga á samstarfi. Einnig stendur til að funda með Ölfus Klasa. Í gær voru undirritaðir samningar vegna samstarfsverkefna háskólanna.

3. Samstarf um skapandi greinar – bréf frá Háskólanum á Bifröst: Lbhí er boðið að vera stofnfélagi í Rannsóknasetri skapandi greina (RSG). Ákveðið var að stökkva ekki á vagninn strax enda lítill fyrirvari gefinn, slíkt þarf að ræða í hópi starfsmanna.

4. Reglur um doktorsnám og doktorsnámssjóð:

Reglur um doktorsnámssjóð og doktorsnám eru í endurskoðun, lagðar fram til kynningar hér en afgreiðslu síðar.

5. Mál til kynningar

Fulltrúar skólans fóru á fund um mögulega sameiningu HÍ og Lbhí. Talað var um möguleika á að slík sameining gerðist hægt og rólega, fyrst með einhvers konar samvinnu sem gæti síðar leitt til sameiningar. Þessi umræða er þó ennþá mjög skammt á veg kominn.

Magnus Göransson er að verja doktorsverkefni sitt núna í vikunni og einnig nokkrir meistaranemar.

Útskrift er 2. júní í Hjálmakletti í Borgarnesi.

Úthlutað verður úr Framfarasjóði Þorvaldar og Ingibjargar og Blikastaðasjóði við það tækifæri.

Nýútkomin skýrsla Ríkisendurskoðunar um Lbhí fyrir 2021 kom vel út, bent var á nokkur atriði sem þarf að lagfæra.

Jafnlaunavottun er komin í gegn.

Næstu fundir háskólaráðs:

14. júní kl 13 – með Bændasamtökunum.

Fundi slitið kl. 14.35